

Ársskýrsla 2021



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Ársskýrsla Samkeppniseftirlitsins 2021

Útgefandi:

Samkeppniseftirlitið

Borgartúni 26

125 Reykjavík

Sími: 585 0700

samkeppni@samkeppni.is


www.samkeppni.is

Hönnun og umbrot: Samkeppniseftirlitið

Ljósmyndir: Canva

Efnisyfirlit

1. Ávarp stjórnarformanns.....	4
2. Inngangur forstjóra.....	5
3. Áherslur Samkeppniseftirlitsins.....	6
4. Árið 2021 í tölum.....	8
5. Málsvarahlutverk Samkeppniseftirlitsins.....	14
6. Rannsóknir á árinu.....	24
7. Úrlausnir áfrýjunarnefndar og dómstóla á árinu.....	29
8. Yfirlit yfir prófanir á úrlausnum SE frá upphafi.....	31
9. Yfirlit yfir stjórnvaldssektir frá upphafi.....	34
10. Samkeppnishæfni og staða samkeppnislöggjafar.....	36
11. Erlent samstarf.....	39
12. Samstarf við lykilstofnanir.....	42
13. Ársreikningur.....	44





Sveinn Agnarsson
stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins

Eftir tvö ár í skugga COVID-19 faraldursins er aftur tekið að vora í efnahagslífi á Íslandi sem annars staðar í heiminum. Þær aðgerðir sem stjórnvöld gripu til byggðu á samkeppnissjónarmiðum og þeir erfiðleikar sem mikilvægar atvinnugreinar glímdu við hafa hvorki leitt til umfangsmikilla gjaldþrota né umtalsverðrar samþjöppunar á mörkuðum. Í kjölfar faraldursins hefur myndast margvíslegt ójafnvægi í alþjóðahagkerfinu og verð hækkað á ýmsum vörum og kostnaður við flutninga aukist.

Innrás Rússa í Úkraínu og stríðið sem á eftir fylgdi mun auka á þau vandræði og leiða til hækkana á ýmsum mikilvægum vörutegundum. Við aðstæður sem þessar er mikilvægt að virk samkeppni fái notið sín og hugað sé vel að því hvernig breytingar á einstökum mörkuðum geta riðlað stöðu fyrirtækja og gert nýjum keppinautum erfitt að fóta sig. Öflug samkeppni kemur einnig í veg fyrir að fyrirtæki velti kostnaðarhækkunum yfir á neytendur í stað þess að mæta þeim með því að hagræða í rekstri.

Virk samkeppni og festa í framfylgd samkeppnislaga er vísasta leiðin til að hraða endurreisn atvinnulífs og búa íslenskt hagkerfi undir þær breytingar sem framundan eru, ekki eingöngu í þeim atvinnugreinum sem faraldurinn lék hvað verst, heldur einnig á öðrum sviðum, svo sem á vettvangi stafrænnar starfsemi og aðgerða til að draga úr hlýnun jarðar.

1. Ávarp stjórnarformanns



Stjórn og forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Á myndinni frá vinstri: Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Ragnhildur Jónsdóttir, varamaður í stjórn, Heimir Skarphéðinsson, varamaður í stjórn, Sveinn Agnarsson, stjórnarformaður, Katrín Helga Hallgrímsdóttir, stjórnarmaður, Hafsteinn Þór Hauksson, stjórnarmaður og Helga Reynisdóttir, varamaður í stjórn. Skipunartími stjórnar er frá september 2021 til september 2025. Sveinn Agnarsson var skipaður stjórnarformaður í júní 2021, þegar Kristín Haraldsdóttir lét af störfum.

Smelltu á hlekkina að neðan til að kynnst betur stjórn og starfsfólki Samkeppniseftirlitsins

[Stjórn SE](#)

[Starfsfólk SE](#)





Páll Gunnar Pálsson
forstjóri Samkeppniseftirlitsins

Árið 2021 var annasamt í meira lagi. Í skýrslu þessari er greint frá fjölbreyttum verkefnum þar sem Samkeppniseftirlitið rækti málsvara- og leiðbeiningarhlutverk sitt með útgáfu fjölda skýrslna, umsagna og álita, pistla og þátttöku á fundum og ráðstefnum.

Einnig voru miklar annir við rannsóknir mála, en árið einkenndist af auknu verkefnaálagi vegna rannsókna á tilkynntum samrunum, en rúmlega þriðjungur ráðstöfunartíma eftirlitsins var varið í samrunamál, í samanburði við um 20% árin á undan. Stærstur hluti þeirra var afgreiddur á svokölluðum I. fasa, þ.e. innan 25 virkra daga, en sumir vörðuðu mikilvæga almannahagsmuni og kölluðu á umfangsmiklar rannsóknir.

Þetta aukna verkefnaálag kallaði á forgangsröðun annarra verkefna. Á ýmsum sviðum náði eftirlitið þó að halda í horfinu, s.s. við rannsókn samráðsmála, en rannsóknum á öðrum sviðum þurfti að miklu leyti að forgangsráða. Mikilvægt er til framtíðar að skapa Samkeppniseftirlitinu fjárhagslega umgjörð sem gerir því betur kleift að bregðast við þessum sveiflum í verkefnaálagi.

Framundan eru spennandi tímar þar sem eftirlitið mun fást við fjölbreytta flóru verkefna. Sum þeirra munu tengjast því hvernig Ísland fetar sig út úr erfiðleikum tengdum Covid-19 og stríðsrekstri í Úkraínu. Önnur munu tengjast því hvernig Ísland tekst á við nýja tíma, s.s. á vettvangi starfrænnar starfsemi, umhverfismála o.fl.

2. Inngangur forstjóra

3. Áherslur Samkeppniseftirlitsins



Áherslur Samkeppniseftirlitsins 2022 til 2024


Undir lok hvers árs mótar stjórn Samkeppniseftirlitsins áherslur stofnunarinnar til næstu þriggja ára. Hún gerir það í samvinnu við forstjóra og starfsfólk stofnunarinnar og byggir m.a. á upplýsingum úr rannsóknum eftirlitsins, frá atvinnulífi, neytendum og fræðasamfélagi.

Við móttun áherslna er horft til reynslu liðinna ára, aðstæðna á mörkuðum og áskorana sem framundan eru. Þá er einnig horft til þróunar lagaumhverfis samkeppnismála hér á landi, alþjóðlegra skuldbindinga og áherslna á sviði samkeppnismála innan EES og í öðrum ríkjum, eftir því sem við á.

Stjórn Samkeppniseftirlitsins fjallaði um áherslur eftirlitsins fyrir árin 2022-2024 á fundum sínum í október og nóvember 2021. Á fund stjórnarinnar komu af þessu tilefni Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri, og Thomas Rønne, prófessor við Copenhagen Business School, fyrrverandi aðalhaf fræðingur danska samkeppniseftirlitsins og ráðgjafi Samkeppniseftirlitsins.

Áherslurnar liggja til grundvallar starfi Samkeppniseftirlitsins, þar á meðal forgangsröðun verkefna. Þær voru kynntar fyrir ráðherra samkeppnismála í desember 2021.

[Áherslur Samkeppniseftirlitsins 2022-2024, frá 26. nóvember 2021, eru aðgengilegar hér.](#)



4. Árið 2021 í tölum



Málafjöldi og ráðstöfunartími


Á árinu vann Samkeppniseftirlitið að 124 málum og rúmlega 70 þeirra lauk áður en árið var á enda. Til viðbótar fékk eftirlitið tæplega 40 umsagnarbeiðnir frá Alþingi og rúmlega 20 erindi og umsagnarbeiðnir frá ráðuneytum og stofnunum. Einnig voru nokkur mál til meðferðar fyrir áfrýjunarnefnd og dómstólum.

Stjórnsýslumál sem unnið var að á árinu	124
<i>þar af lokið á árinu</i>	73
Mál sem varða aðstæður á markaði en lúta ekki hefðbundinni stjórnsýslumeðferð	27
Samskipti við Alþingi og stjórnvöld	60

Af þeim rúmlega sjötíu málum sem lokað var á árinu lauk þremur með íhlutun og þrjú mál voru afturkölluð eftir að eftirlitið hafði kynnt frummat vegna mögulegra samkeppnishindrana. Öðrum málum lauk án íhlutunar, þar af um tugi mála á grundvelli forgangsroðunar mála. Í rúmlega tuttugu þessara mála setti Samkeppniseftirlitið engu að síður fram tilmæli eða leiðbeiningar til aðila. Stjórnvaldssektir voru greiddar í einu máli á árinu,

en rannsókn á brotum Eimskips á samkeppnislögum lauk með sátt þar sem fyrirtækið féllst m.a. á greiðslu stjórnvaldssekta að fjárhæð 1.500.000.000 króna.

Til viðbótar framangreindum málum bárust eftirlitinu 175 ábendingar, en þær eru skráðar og metið hvort þörf sé að aðhafast að svo stöddu. Ábendingum fjölgaði á milli ára, en eftirlitinu hafa borist allmargar ábendingar á síðustu árum.




Mikil fjölgun samrunamála

Á árinu lauk Samkeppniseftirlitið rannsókn á 45 samrunamálum, auk þess sem tekin var afstaða til tilkynningaskyldu og veittar leiðbeiningar í nokkrum málum. Í þremur tilvikum var samruna sett skilyrði og í tveimur tilvikum til viðbótar voru samrunatilkynningar afturkallaðar eftir að frummat eftirlitsins á skaðlegum áhrifum viðkomandi samruna voru birt aðilum. Aðrir samrunar voru heimilaðir án athugasemda.

Í tæplega 67% tilvika lauk rannsókn samruna á svokölluðum I. fasa, þ.e. innan 25 virkra daga, samanborið við 50-60% tilvika á síðustu árum. Hraðari afgreiðslu mála má m.a. rekja til breytinga á málsmeðferð, en Samkeppniseftirlitið hefur á liðnum árum gripið til ýmissa aðgerða til að auka skilvirkni í þessum málaflokki.

Í rúmlega 62% tilvika, eða 28 samrunum af 45, tilkynntu aðilar um samrunann með svokallaðri styttri tilkynningu, en með því er tilkynningaskylda samrunaaðila auðvelduð verulega. Rúmlega 20% tilkynninga reyndust ófullnægjandi, samanborið við rúmlega 30% næstu ár á undan.




Ráðstöfunartími og verkefnaálag

Samkeppniseftirlitið varði um 34% af ráðstöfunartíma sínum í rannsókn samrunamála. Verkefnaálag vegna samrunamála jókst verulega frá árinu 2020, en þá varði eftirlitið 21% tíma síns í rannsókn samrunamála. Meðferð samrunamála er háð lögbundnum tímafrestum og eru því óhjákvæmilega sett í forgang á kostnað annarra mála.

Þetta aukna verkefnaálag við rannsókn samrunamála leiddi til þess að eftirlitið gat einungis varið 9% af tíma sínum í rannsóknir á misnotkun á markaðsráðandi stöðu, samanborið við 14% árið áður, og 5% í opinberar samkeppnishömlur, samanborði við 11% árið áður.


Samkeppniseftirlitið hefur á liðnum árum kallað eftir auknu rekstrarsvigrúmi svo tryggja megi að rannsóknir á samkeppnislagabrotum líði ekki fyrir verkefnaálag í samrunamálum.

Vegna brýnna verkefna varði eftirlitið álíka hlutfalli ráðstöfunartímans í rannsóknir á mögulegum brotum á banni við ólögmetu samráði, eða rúmlega 40%.



Fjöldi og aldur mála


Til þess að halda meðferð mála í sem bestu horfi skiptir máli að ekki séu of mörg mál til meðferðar hverju sinni. Vegna mikils verkefnaálags hefur eftirlitið þurft að forgangsráða verkefnum langt umfram það sem æskilegt er. Í því felst að eftirlitið hafnar upptöku mála, gefur leiðbeiningar í stað þess að taka mál til rannsóknar, eða leggur mál niður án niðurstöðu. Fjöldi mála hélst í horfinu á árinu, en á árunum þar á undan fækkaði málum vegna hertrar forgangsröðunar.



Rannsókn samkeppnismála getur verið tímafrek, eins og reynslan sýnir bæði hérlendis og í nágrannalöndum. Miklar kröfur til meðferðar mála, sjónarmið fyrirtækja, aðgengi að gögnum, flækjustig og umfang mála og ekki síst rekstrarsvígum samkeppniseftirlita hefur meðal annars áhrif á það hversu langan tíma rannsókn máls tekur.

Til þess að fylgjast með þessu heldur Samkeppniseftirlitið til haga upplýsingum um aldur mála. Um áramótin 2020-2021 voru 21 mál til meðferðar sem stofnað var til á undanliðnu ári, 10 mál höfðu verið til meðferðar í eitt til tvö ár og 21 mál hafði verið lengur til meðferðar.

Stefnt er að því að bæta aldurskiptingu mála, sbr. markmið sem koma fram aftast í línuritinu hér til hliðar.



Mannauður

Á árinu 2021 hafði Samkeppniseftirlitið á að skipa 26,7 ársverkum. Meðalaldur starfsmanna var um 41 ár og hlutfall karla um 59% og kvenna um 41%. Um helmingur starfsmanna voru lögfræðingar, um 30% hagfræðingar, um 10% viðskiptafræðingar og 10% með aðra menntun.

Samkeppniseftirlitið er til húsa í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Ársverk

26,7

Meðalaldur

41 ár



41%



59%

Lögfræðingar

50%

Hagfræðingar


30%

Viðskiptafræðingar

10%

Önnur menntun

10%



A scenic view of a river flowing through a narrow canyon. The river is the central focus, winding through a valley. The canyon walls are composed of dark, jagged rock formations, heavily covered in vibrant green moss and lichen. The riverbanks are composed of numerous small, greyish stones and pebbles. In the background, a lush green meadow stretches across the valley floor, leading to more distant, moss-covered rock formations. The overall atmosphere is serene and natural.

5. Málsvarahlutverk Samkeppniseftirlitsins

Talað fyrir virki samkeppni

Kjarnahlutverk Samkeppniseftirlitsins er að rannsaka og grípa inn í samkeppnishindranir og brot á samkeppnislögum. Samhliða sinnir eftirlitið því mikilvæga hlutverki að tala fyrir markmiðum samkeppnislaga. Með nýlegum breytingum á samkeppnislögum var áréttað að eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins sé að stuðla að umræðu og fræðslu um samkeppnismál og ábata virkrar samkeppni fyrir atvinnulíf og neytendur.

Í þessu sambandi hefur Samkeppniseftirlitið einnig það hlutverk að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari eða auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði.

Á árinu 2021 sinnti Samkeppniseftirlitið þessu málsvara-, kynningar- og leiðbeiningarhlutverki sínu með fjölbreyttum hætti. Hluta af verkefnum ársins má kynna sér í upptalningunni á næstu síðum.



Fundir og ráðstefnur



Febrúar Forstjóri Samkeppniseftirlitsins [flutti erindi á opnum fundi](#) Félags atvinnurekenda um samkeppnina eftir heimsfaraldur.

Júní [Samtal um samkeppni um meðferð samrunamála](#). Fjölsóttur opinn umræðufundur á vefnum þar sem Jani Ringborg, sérfræðingur hjá framkvæmastjórn ESB fjallaði um rannsókn samrunamála.

Október Forstjóri Samkeppniseftirlitsins flutti erindi og tók þátt í pallborði á [morgunfundi um samkeppnis- og neytendamál](#) á vegum verðlagseftirlits ASÍ og Neytendasamtakanna. Fjallaði hann einkum um þróun samkeppniseftirlits í helstu viðskiptalöndum okkar og hvað læra mætti af henni.



Nóvember Forstjóri Samkeppniseftirlitsins flutti erindi og tók þátt í pallborði á [fjölsótttri ráðstefnu sem danska samkeppniseftirlitið stóð fyrir](#) í Kaupmannahöfn.



Fjallaði Páll um áskoranir framundan á stafrænum mörkuðum og úrræði samkeppniseftirlita til að tryggja hagsmuni almennings og fyrirtækja. [Margarethe Vestager, vararforseti framkvæmdastjórnar ESB](#), flutti opunarerindi.



Skýrslur



- Janúar** Samkeppniseftirlitið birtir skýrslu um [áhrif samkeppni á líf skjör og hagsæld](#) birt, nr. 1/2021. Þar eru teknar saman rannsóknir um áhrif samkeppni á verð, framleiðni, nýsköpun, endurreisn á krepputímum, ójöfnuð, fæðuöryggi, atvinnustig o.fl.
- Mai** Samkeppniseftirlitið birtir skýrslu nr. 2/2021, [Stjórnunar- og eignatengsl fyrirtækja](#). Í skýrslunni er gerð grein fyrir megindráttum í störfum eftirlitsins á vettvangi stjórnunar- og eignatengsla frá bankahrúni. Þar er að finna ítarlegt yfirlit yfir ákvarðanir, skýrslur og aðra umfjöllun er þetta varðar.
- Júní** Samkeppniseftirlitið og hin norrænu samkeppniseftirlitin [tilnefnd til alþjóðlegra verðlauna](#) fyrir sameiginlega skýrslu eftirlitanna um samkeppni, samkeppniseftirlit og þróun regluverks á tímum stafrænna markaða. Skýrslan var birt á árinu 2020.
- Júní** Samkeppniseftirlitið birtir umræðuskjal þar sem gefið er [yfirlit yfir valda samkeppnisvísa](#) (e. competition indicators) sem geta gefið vísbendingar um samkeppnisaðstæður hér á landi. Með umræðuskjalinu var hagaðilum gefið tækifæri til þess að hafa áhrif á það hvaða samkeppnisvísu eftirlitið muni miðla á komandi árum.
- Júní** Samkeppniseftirlitið birtir skýrslu nr. 5/2021, [Markaðsgreining á bókamarkaði](#), en þar er fjallað um markaði fyrir útgáfu og heildsölu íslenskra bóka annars vegar og smásölu bóka hins vegar. Greiningin byggði að mestu á rannsókn eftirlitsins á kaupum Storytel á AB á Forlaginu ehf. en hætt var við kaupun eftir að Samkeppniseftirlitið hafði kynnt aðilum frummat sitt á áhrifum samrunans.



Álit og umsagnir



Janúar	Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna áformaðrar sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka . Bent á mikilvægi þess að stjórnvöld undirbúi sölu á eignarhlut sínum vel og meti áhrif hennar á samkeppni. Sett eru fram nokkur leiðarljós í þessu sambandi.	Mars	Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu og Byggðastofnun (flutningur póstmála). Fjallað um og settar fram ábendingar um samspil samkeppniseftirlits og eftirlits með pósthjónustu. Einnig er fjallað um þörf á endurskoðun ákvæða um verðlagningu á póstdreifingu.
Febrúar	Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla (stuðningur við einkarekna fjölmiðla). Mælt til þess að Alþingi hugi sérstaklega að markmiðum um fjölræði og fjölbreytni, sem og samkeppnisstöðu minni fjölmiðla. Jafnframt er vakin athygli á fyrri umsögnum um mál þetta, sbr. einkum umsögn frá 13. janúar 2020 .	Mars	Umsögn um frumvarp til laga um Fjarskiptastofnu . Meðal annars fjallað um reynslu af samskiptum og samstarfi Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar og hvaða ályktanir megi draga af því við breytingar á stofnanaumgjörð póst- og fjarskiptaefftirlits.
Mars	Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum (sala á framleiðslustað) þar sem Samkeppniseftirlitið lýsir sig fylgjandi því að nógildandi fyrirkomulag við sölu áfengis verði endurskoðað. Í því efni sé mikilvægt að löggjafinn velji þær leiðir til verndar samfélaginu og einstaklingum sem síst skerða frjálsa samkeppni.	Mars	Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki . Lögð er áhersla á að stjórnvöld fari að tillögum OECD um einföldun regluverks og afnám samkeppnishindrana, sem fram koma í skýrslu OECD um samkeppnismat á lögum og reglum í ferðahjónustu og byggingariðnaði.
Mars	Umsögn um drög atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar . Í umsögninni er fjallað um yfirráðahugtak samkeppnislaga, áhrif eignatengsla í samkeppnisrétti og samspil samkeppnislaga og fiskveiðistjórnunarlaga að þessu leyti. Sett eru fram sjónarmið og tillögur sem skýra myndu og styrkja eftirlit á þessu sviði.	Apríl	Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á váttryggingamarkaði og bankamarkaði . Lýst yfir eindregnum stuðningi við breytingar sem banna aðilum sem hlotið hafa dóm vegna brota á samkeppnislögum að stýra váttryggingamiðlun eða sölu í tiltekin tíma. Jafnframt er vakin athygli á fyrri tilmælum eftirlitsins um réttarbætur á þessu sviði.

Maí	<p>Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.). Vísað er í fyrri umsögn við undirbúning frumvarpsins og lýst stuðningi við breytingar á yfirráðahugtaki laganna. Jafnframt styður eftirlitið breytingar sem miða að gagnkvæmri upplýsingamiðlun milli eftirlitsaðila og setur fram ábendingar er varða fjárhæðamörk viðurlaga og þvingunarúrræða.</p>	<p>sambandi er einnig fjallað um mikilvægi verðsamkeppni fyrir hagsmunum bænda og neytenda.</p>
Maí	<p>Umsögn um drög að almennri eigendastefnu ríkisins. Því fagnað að ríkið leggi áherslu á að félög þess gæti að samkeppnissjónarmiðum í starfsemi sinni.</p> <p>Til fyllingar þessu er fjallað um mikilvægi samkeppni á þessu sviði, ábyrgð stjórnvalda og rakin allmörg nýleg og yfirstandandi mál þar sem ríkisfyrirtæki hafa verið til skoðunar, s.s. við rekstur flugvalla, pósthjónustu, bankastarfsemi, orkuframleiðslu og -sölu.</p> <p>Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að við reglusetningu og veigamiklar ákvarðanir ríkisfyrirtækja séu áhrif slíkra reglna og aðgerða á samkeppni metin. Vísad er til álits nr. 2/2009, Samkeppnismat stjórnvalda, og nýlegrar skýrslu OECD um samkeppnismat á ferðabjónustu og byggingamarkaði.</p>	<p>Maí</p> <p>Umsögn um umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Fagnað er stefnumótun á þessu sviði og af því tilefni fjallað um fjölbreytni landbúnaðar, aukin tækifæri bænda og þann lærdóm sem draga má af nýlegri rannsókn eftirlitsins á samruna kjötafurðastöðva. Einnig er fjallað um undanþágur frá samkeppnislögum til handa afurðastöðvum, reynsluna af hagræðingu í mjólkuriðnaði, tengsl fæðuöryggis og samkeppni, markaðs- og tollvernd og breyttar áherslur í styrkjakerfi landbúnaðar.</p>
Maí	<p>Umsögn um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Aðkoma eftirlitsins að undirbúningi frumvarpsins rakin og lögð áhersla á að viðkomandi umbætur komist til framkvæmda, auk annarra úrbóta sem lagðar eru til í skýrslu OECD um samkeppnismat á ferðabjónustu og byggingamarkaði.</p>	<p>Júní</p> <p>Áliti beint til heilbrigðisyfirvalda þar sem vakin er athygli á nýrri skýrslu um samkeppni á lyfjamarkaði, einkum netverslun, sem samkeppniseftirlit á Norðurlöndunum gáfu út í sameiningu. Mælast eftirlitin til þess að lagaumgjörð vegna smásölu lyfja verði tekin til skoðunar.</p>
Maí	<p>Umsögn um tvö frumvörp um breytingu á búvörulögum (framleiðendafélög og samstarf um útflutning á kindakjöti). Í umsögninni er bent á leiðir til þess að bæta samningsstöðu bænda gagnvart viðsemjendum sínum og vísað til nýlegrar rannsóknar á samruna Norðlenska, Kjarnafæði og SAH-afurða, auk þess sem rakin eru erlend fordæmi. Í þessu</p>	<p>September</p> <p>Af gefnu tilefni er minnt á eldri tilmæli sem beint var til heilbrigðisráðherra í október 2017, þar sem fjallað er um mikilvægi þess að notendur heilsugæslustöðva geti flutt sig á milli stöðva og þannig skapað hvata fyrir samkeppni. Tilmælin miðuðu að því að tryggja jafnfræði milli einkarekinna og opinberra heilbrigðisstofnana.</p>
Maí	<p>Umsögn um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Aðkoma eftirlitsins að undirbúningi frumvarpsins rakin og lögð áhersla á að viðkomandi umbætur komist til framkvæmda, auk annarra úrbóta sem lagðar eru til í skýrslu OECD um samkeppnismat á ferðabjónustu og byggingamarkaði.</p>	<p>Nóvember</p> <p>Samkeppniseftirlitið vekur athygli á nýttgefnu rökstuddu áliti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) til íslenskra stjórnvalda um íslenska leigubílamarkaðinn og minnir á fyrri tilmæli eftirlitsins til stjórnvalda um breytingar á lagaumgjörð leigubílaaksturs.</p>
Maí	<p>Umsögn um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Aðkoma eftirlitsins að undirbúningi frumvarpsins rakin og lögð áhersla á að viðkomandi umbætur komist til framkvæmda, auk annarra úrbóta sem lagðar eru til í skýrslu OECD um samkeppnismat á ferðabjónustu og byggingamarkaði.</p>	<p>Desember</p> <p>Frumvarp til laga um fjarskipti o.fl. (áfallapol fjarskiptabjónustu og fjarskiptaneta). Tekið undir mikilvægi þess að efla úrræði Fjarskiptastofu, sem styrkt eru skv. frumvarpinu.</p>



Upplýsingasiður, leiðbeiningar og fleira

Janúar	Nýjar reglur um meðferð samrunamála kynntar , en reglurnar tóku gildi um áramótin. Taka þær mið af nýlegum lagabreytingum, auk þess sem innleiddar eru breytingar sem ætlað er að auka skilvirkni í rannsókn samrunamála.
Febrúar	Gefin út tilkynning um forgangsröðun mála hjá Samkeppniseftirlitinu , vegna anna við rekstur samrunamála. Tafir geti orðið við meðferð annarra mála en brýnt fyrir fyrirtækjum að halda áfram að senda eftirlitinu ábendingar um mögulegar samkeppnishindranir.
Mars	Í tilefni af fjölmiðlaumfjöllun um samstarf fjarskiptafyrirtækja við uppbyggingu innviða birti Samkeppniseftirlitið yfirlit yfir umfjöllun sína um slíkt samstarf og rifjaði m.a. upp skýrslu nr. 1/2020 og leiðbeiningar um undantekningar frá banni við samráði fyrirtækja.
Mars	Í tilefni af umfjöllun á aðalfundi Festi og fréttáflutningi fjölmiðla um skilyrði sem fyrirtækið lagði til við samruna N1 við Festi, birti Samkeppniseftirlitið upplýsingar um tildrög , efnis og framkvæmd sáttar Festi við eftirlitið.
Mars	Yfirlit birt yfir athuganir sem hafa varðað samruna eða yfirráð tengd útgerðarfyrirtækinu Brimi síðastliðin fjögur ár, í tengslum við opinbera umfjöllun um athuganir eftirlitsins á þessu sviði.

Apríl

Óskað eftir [sjónarmiðum vegna kaupa Skeljungs hf. á Dælnni og Löðri](#). Að undangenginni rannsókn var samruninn heimilaður með ákvörðun nr. 28/2021.

Apríl

Óskað eftir sjónarmiðum vegna [kaupa Samkaupa á verslunum Festi í Nóatúni og á Hellu](#). Kaup Skeljungs á versluninni á Hellu grundvölluðust á skilyrðum sem Festi hafði lagt til og skuldbundið sig til að fylgja með sátt sem félagið gerði við Samkeppniseftirlitið þremur árum áður, þ.e. í júlí 2018. Kaupin á versluninni í Nóatúni voru ótengd sáttinni. Samkeppniseftirlitið samþykkti þessi kaup að undangenginni rannsókn í maí, sbr. [ákvörðun nr. 20/2021](#).

Júní

Samkeppniseftirlitið birtir bréf sitt til Símans þar sem svarað er [fyrirspurnum félagsins um efniskaup og sjónvarpsréttindi vegna Enska boltans](#). Í bréfinu er reifuð fyrri umfjöllun samkeppnisyfivalda og Símans um efniskaup, sýningarrétt og útsendingar á Enska boltanum. Átti þessi umfjöllun erindi við aðila á markaðnum, m.a. í tengslum við útboð á sýningarrétti fyrir ensku úrvaldsdeildina sem þá var í undirbúningi.

Ágúst

Vakin athygli á [umfjöllun um samkeppnismál í nýrri efnahagsskýrslu OECD](#), en þar eru íslensk stjórnvöld hvött til að vinna að fækkun samkeppnishindrana, en það geti haft umtalsverð jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.

September

Skrið undir [uppfærða sameiginlega yfirlýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samkeppniseftirlits um samkeppnismál](#). Hún er vegvisir um framkvæmd samkeppnismála og stefnumótunar í málaflokknum.

Október



Samkeppniseftirlitið [birtir tilkynningu](#) þar sem brýnt er fyrir forsvarsfólki hvers konar hagsmunasamtaka í atvinnulífinu að standa ekki fyrir eða taka þátt í umfjöllun um verðhækkanir sem til þess er fallin að skaða samkeppni. Tilkynningin var gefin út í tilefni af umfjöllun framkvæmdastjóra SA og SVP um væntanlegar verðhækkanir. Tilkynningunni var fylgt eftir með [pistli á heimasíðu eftirlitsins](#) og síðar [útgáfu leiðbeininga til hagsmunasamtaka](#).

Nóvember

[Samkeppniseftirlitið opnar upplýsingasíðu um hagsmunasamtök fyrirtækja og samkeppnisreglur](#). Á síðunni er safnað saman upplýsingum um reglur og beitingu reglna sem koma eiga í veg fyrir að starf hagsmunasamtaka fyrirtækja skaði samkeppni og um leið veittar [leiðbeiningar](#) um þetta.

Nóvember

Samkeppniseftirlitið [kynnir fyrsta af þremur fræðslumyndböndum](#) sem ætlað er að varpa ljósi á samkeppnisreglur og -eftirlit á myndrænan og einfaldan hátt. Fyrsta myndbandið fjallar almennt um samkeppnislögin og samkeppniseftirlit.



Pistlar



Febrúar

[Landbúnaður og samkeppni](#). Pistill forstjóra þar sem fjallað er um undanþágur landbúnaðarins frá samkeppnislögum og samanburð við undanþágur í Noregi og ESB. Einnig birt sem grein á visir.is þann 16. febrúar.

Febrúar

[Af hagsmunum bænda og kjötafurðastöðva](#). Í pistli forstjóra er fjallað um ólíka hagsmuni annars vegar bænda og hins vegar kjötafurðastöðva og hvernig samkeppnisreglur verja hag bænda í Noregi og ESB. Einnig birt sem grein á visir.is þann 18. febrúar.

Febrúar

[Sókn er besta vörnin](#) - verndarstefna skaðar atvinnulíf og almenning. Ræða forstjóra á opnum fundi Félags atvinnurekenda birt sem pistill á heimasíðunni. Fjallað er um samkeppnina eftir heimsfaraldur.



Mars

[Samrunaefirlit - nánar um samanburð og tímafresti](#).

Magnús Þór Kristjánsson, verkefnastjóri hjá Samkeppniseftirlitinu, fjallar um vinnslu samrunamála hér á landi og ber saman við málsmeðferð framkvæmdastjórnar ESB og Noregi. Einnig birt sem grein á visir.is þann 22. febrúar.

Mars

[Samkeppni í matvælaframleiðslu styður við fæðuöryggi](#). Í

pistli Vals Þránínssonar, aðalhogfræðings, er lagt úr af nýlegri skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands og færð fyrir því rök að virk samkeppni í matvælaframleiðslu sé ein af grunnforsendum fæðuöryggis, líkt og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna hefur bent á. Einnig birt sem grein í Fréttablaðinu 17. mars.

Mars

[Samkeppni í matvælaframleiðslu styður við fæðuöryggi þróaðra landa.](#) Í pistlinum færir Valur nánari fræðileg rök fyrir tengslum virkrar samkeppni og fæðuöryggis og bregst við sjónarmiðum Ernu Bjarnadóttur. Einnig birt sem grein í Fréttablaðinu 24. mars.

Apríl

[Samkeppniseftirlitið og hagsmunir af beitingu samkeppnislaga.](#) Í pistli sínum fjallar forstjóri um gagnrýni sem stjórnendur fyrirtækja sem sætt hafa íhlutunum og hagsmunasamtök þeirra hafa beint að eftirlitinu að undanfögnu. Rakið er hvernig réttaröryggi þeirra sem sæta rannsókn er tryggt og fjallað um hagsmuni þorra fyrirtækja og neytenda af beitingu samkeppnislaga. Einnig birt sem grein í Kjarnanum, þann 31. mars.

Mái

[Samkeppnisstefna styður við nýsköpun.](#) Pistill aðalhaf fræðings þar sem fjallað um tengsl samkeppnisstefnu og nýsköpunar. Pistillinn var birtur í vorblaði Vísbendingar.



Óktóber

[Til hvers samkeppniseftirlit?](#) Í pistlinum er birt erindi forstjóra á morgunfundi verðlagseftirlits ASÍ og Neytendasamtakanna um samkeppnis- og neytendamál, sem haldinn var á Grand Hotel þann 19. október.

Óktóber

[Umfjöllun hagsmunasamtaka fyrirtækja um verðlagningu - Reglur samkeppnislaga.](#) Í pistli forstjóra eru raktar þær skorður sem samkeppnislög setja hagsmunasamtökum fyrirtækja í umfjöllun um verðlagningu. Einnig birt á visir.is þann 25. október.

Desember

[Standa þarf vörð um virka samkeppni.](#) Í Pistli aðalhaf fræðings er fjallað um áskoranir framundan í samkeppniseftirliti og leitað samanburðar í nágrannalöndum. Einnig birt í Innherja, þann 28. desember.

6. Rannsóknir á árinu



Samkeppniseftirlitið fylgir eftir ákvæðum samkeppnislaga og stöðvar samkeppnishindranir, s.s. brot á banni við ólögsmætu samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Einnig kemur eftirlitið í veg fyrir að samrunar fyrirtækja hindri virka samkeppni.

Á árinu 2021 voru allmargar rannsóknir til meðferðar. Sú viðamesta varðar möguleg brot á banni við ólögsmætu samráði á flutningamarkaði. Lauk þætti Eimskips í málinu með sátt þar sem félagið viðurkenndi alvarleg brot á banni við ólögsmætu samráði og greiddi sektir að fjárhæð 1.500.000.000 kr. Í framhaldi af þessum málalyktum óskuðu Samskip eftir viðræðum um sátt, en þær viðræður skiluðu ekki niðurstöðu. Ætluð brot Samskipa eru því enn til rannsókna hjá eftirlitinu.

Þá hafði eftirlitið til rannsókna allmarga samruna fyrirtækja og vörðuðu margir þeirra mikilvæga almannahagsmuni. Jókst verkefnaálag vegna samrunamála verulega á árinu.

Á meðal annarra rannsókna sinnt var á árinu, en er ólokið, er rannsókn á markaðsfærslu og verðlagningu Símans á fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu. Þá eru til meðferðar nokkur mál sem varða meintar samkeppnishömlur á raforkumarkaði, þ. á m. vegna smásölu til heimila, verðlagningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla og verðlagningar í útboðum Landsnets til að mæta orkutöpum í raforkukerfinu.

Einnig sinnti eftirlitið mikilvægum rannsóknum á mögulegum brotum á banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, sem og rannsóknum á opinberum samkeppnishindrunum. Hins vegar reyndist óhjákvæmilegt

að draga verulega úr rannsóknum á þessu sviði, vegna aukins verkefnaálags í samrunamálum.

Hér er stiklað á stóru og í dæmaskyni nefnd nokkur verkefni sem fjallað var um á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins, í tímaröð:


Febrúar	Gefin út tilkynning um forgangsröðun mála hjá Samkeppniseftirlitinu , vegna anna við rekstur samrunamála. Tafir geti orðið við meðferð annarra mála en brýnt fyrir fyrirtækjum að halda áfram að láta eftirlitinu í té ábendingar um mögulegar samkeppnishindranir.
Febrúar	Samkeppniseftirlitið heimilar samruna dótturfélags Síldarvinnslunnar hf. og Bergs ehf. , en boðar frekari skoðun á stjórnunar- og eignatengslum og mögulegum yfirráðum yfir samstæðunni.
Mars	Samruni Kviku banka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. samþykktur .
Mars	Samkeppniseftirlitið synjar Festi um sölu á verslun á Helli , en salan uppfyllti ekki skilyrði sem Festi hafði lagt til og skuldbundið sig til að hlýta með sátt félagsins við eftirlitið. Verslunin var síðar seld Samkaupum.
Mars	Rannsókn á samruna Vinnslustöðvarinnar hf., Hugins ehf. og Löngu ehf. lokið án íhlutunar .
Mars	Óskað sjónarmiða vegna samruna á ferðaþjónustumarkaði, þ.e. yfirráða Alfa hf., SF VII ehf. og Eldeyjar Holdco ehf. yfir Kynnisferðum ehf, Eldey TLH hf. og dótturfélögum. Samruninn var síðar samþykktur, sbr. ákvörðun nr. 19/2021 .

- Mars** Rannsókn á samruna Lyfju hf. á Opnu ehf. (Apótek MOS) [lokið án íhlutunar.](#)
- Apríl** Samkeppniseftirlitið [heimilar samruna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða](#) með skilyrðum sem ætlað er að vernda hagsmuni neytenda og bænda. M.a. stuðla skilyrðin að því að bændur njóti hlutdeildar í mögulegum ábata vegna samrunans. Í ákvörðuninni er gerð ítarleg grein fyrir rannsókninni, þar á meðal niðurstöðum kannana sem eftirlitið lét gera á meðal bænda og neytenda.
- Apríl** Greint frá því að framkvæmdastjórn ESB hefði samþykkt beiðni Samkeppniseftirlitsins og nokkurra annarra landa um að [taka samruna Illumina og Grail til meðferðar](#). Um er að ræða líftækni félög sem m.a. sérhæfa sig á sviði krabbameinsrannsókna, en [hætta er á því að samruninn hækki verð og hægi á framförum](#) á þessu mikilvæga sviði.



- Maí** Rannsókn á kaupum Lyfja og heilsu hf. á Garðs Apóteki ehf. [lokið án íhlutunar.](#)
- Maí** Rannsókn á samruna TFII slhf., Hringrásar ehf. og HP gáma ehf. [lokið án íhlutunar.](#)
- Maí** Niðurstöðum úr rannsókn á samruna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða [gerð ítarlegri skil með birtingu sérstaks fylgiskjals](#) með áður birtri [ákvörðun](#), þar sem fjallað er um rannsóknina, skilgreiningu markaða, sjónarmið hagsmunaaðila og mat á áhrifum samrunans.
- Maí** Kaup Orkla ASA á öllum eignarhlutum í Nóa Síriusi hf. [samþykkt án íhlutunar.](#)

- Júní** Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á brotum Eimskips [lokið með sátt](#). Eimskip [viðurkennir alvarleg](#) brot á banni við ólögna samráði í sjóflutningum, landflutningum, flutningsmiðlun og tengdri þjónustu. [Eimskip greiddi 1.500.000.000 kr. í stjórnvaldssektir vegna málsins.](#)
- Júní** Rannsókn á samruna Måsøval Eiendom AS og Ice Fish Farm AS [lokið án íhlutunar](#), en félögin starfa á sviði laxeldis.
- Júlí** Óskað sjónarmiða um samruna á ferðapjónustumarkaði, þ.e. [kaupa Nordic Visitor á Iceland Travel](#). Að undangenginni rannsókn var [samruninn samþykktur](#).
- Júlí** Breyting á eignarhaldi Líflands ehf. í Nesbúeggjum ehf. [samþykkt án íhlutunar](#).



- September** Ferðaskrifstofa Íslands [dregur til baka samrunatilkynningu](#) vegna kaupa á rekstri Heimsferða og óskar viðræðna um möguleg skilyrði. Áður hafði samrunaaðilum verið birt ítarlegt andmælaskjal þar sem gerð var grein fyrir frummati Samkeppniseftirlitsins. Þá höfðu tillögur samrunaaðila að mögulegum skilyrðum verið metnar ófullnægjandi.
- September** [Samruna ÍSAM, Ó. Johnson & Kaaber og Sælkeradreifingar sett skilyrði](#) sem miða að því að eyða samkeppnishindrunum sem leiða af stöðu samrunaaðila á tilteknum sviðum.
- September** [Tilmælum beint til Landsbjargar um að efla upplýsingagjöf](#) um fjárhagslegan aðskilnað milli annars vegar starfsemi sem nýtur opinberra fjárframlaga og hins vegar starfsemi sem rekin er í samkeppni við aðra. Tilmælin koma í framhaldi af athugunum á framkvæmd skilyrða um fjárhagslegan aðskilnað sem sett voru með [ákvörðun nr. 55/2007](#).

Október


Leitað [frekari sjónarmiða vegna samruna Ferðaskrifstofu Íslands og Heimsferða](#). Fyrirtækin höfðu dregið fyrri samrunatilkynningu til baka í kjölfar útgáfu andmælskjals og tilkynnt að nýju.

Nóvember

[Samkeppniseftirlitið samþykkir samruna Marel og Völku, að undangenginni rannsókn](#). Við rannsóknina [bárust eftirlitinu athugasemdir frá á öðrum tug umsagnaraðila](#) frá Íslandi og löndum Evrópu, Norður-Ameríku og Eyjaálfu. Við mat á samrunanum og framkomnum athugasemdum átti eftirlitið í samstarfi við nokkrar systurstofnanir sínar í Evrópu.

Nóvember

Leitað sjónarmiða vegna [kaupa ríkissjóðs á Auðkenni](#).




Nóvember

Samkeppniseftirlitið [kallar eftir samrunatilkynningu vegna kaupa Ardian á Mílu](#), að undangenginni athugun. Fyrir í mánuðinum hafði eftirlitið [leitað sjónarmiða](#) vegna kaupanna með tilkynningu á heimasíðu sinni.

Nóvember

Samkeppniseftirlitið [samþykkir kaup Digital Bridge Group á óvirkum fjarskiptainnvíðum](#) (einkum stærri sendastöðum) Sýnar og Nova, að [undangenginni ítarlegri rannsókn](#).



7. Úrlausnir
áfrýjunarnefndar og
dómstóla á árinu

Á árinu voru nokkur mál til úrlausnar í áfrýjunarnefnd samkeppnismála og fyrir dómstólum.

Petta má helst nefna:



- Janúar** Hæstiréttur Íslands staðfestir með dómi sínum ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um [alvarleg brot Byko á samkeppnislögum](#) og dæmir félagið til greiðslu sekta að fjárhæð 400 milljónir króna.
- Janúar** Áfrýjunarnefnd staðfestir að Síminn hafi með markaðssetningu og sölu á Enska boltanum [brotið gegn sátt](#) sem fyrirtækið gerði við Samkeppniseftirlitið, en vísaði hluta málsins aftur til eftirlitsins til frekari rannsóknar.
- Mars** Hæstiréttur Íslands staðfestir 480 milljón króna sekt á [Mjólkursamsöluna vegna alvarlegra brota](#) á samkeppnislögum.
- Mars** Áfrýjunarnefnd staðfestir ákvörðun um [ógildingu á samruna Íslenskrar myndgreiningar ehf. og Læknisfræðilegrar myndgreiningar ehf.](#) Félögin veita verulegan hluta læknisfræðlegrar myndgreiningarþjónustu á Íslandi.
- Desember** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála [vísar frá kærnu Samskipa um að felld verði úr gildi skilyrði í sátt](#) Samkeppniseftirlitsins við Eimskip, sem varða aðgerðir til að binda enda á samkeppnishamlandi samstarf á flutningamarkaði.



8. Mótun samkeppnisréttar – prófun á úrlausnum Samkeppniseftirlitsins frá upphafi




Málsmeðferð og efnisúrlausnir Samkeppniseftirlitsins sæta ströngum kröfum sem eiga í senn stoð í lögum og hafa mótast í réttarframkvæmd samkeppnismála hér á landi og erlendis. Úrlausnir fárra íslenskra stjórnarsýslustofnanna eru jafn oft og reglulega prófaðar á efra stjórnarsýslustigi og fyrir dómstólum. Jafnframt tryggir EES-samningurinn einsleitni í framkvæmd samkeppnisreglna á Evrópska efnahagssvæðinu, en á Samkeppniseftirlitinu hvílir m.a. skylda að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um fyrirhugaða úrlausn sína á tilteknum málum.

Frá gildistöku samkeppnislaga hefur áfrýjunarnefnd felld 258 úrskurði í samkeppnismálum, þar af 134 frá stofnun Samkeppniseftirlitsins 2005. Frá árinu 2005 hafa gengið 30 dómar eða úrskurðir um úrlausnir Samkeppniseftirlitsins í héraðsdómi og eru húsleitarúrskurðir þá ekki taldir með. Þá hafa gengið 6 dómar/úrskurðir í Landsrétti og 30 í Hæstarétti.

Þá hefur Umboðsmaður Alþingis a.m.k. níu sinnum fjallað um úrlausnir og málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2005. Í a.m.k. einu tilviki til viðbótar hefur umboðsmaður fjallað sérstaklega um úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í samrunamáli.


Til hliðar má nálgast yfirlit yfir úrlausnir áfrýjunarnefndar, dómstóla og umboðsmanns Alþingis vegna málsmeðferðar eða ákvarðana Samkeppniseftirlitsins. **Smelltu á viðeigandi hring til að nálgast yfirlitin.**

Yfirlit yfir úrlausnir



Bæði áfrýjunarnefnd og dómstólar túlka endurskoðunarvald sitt með rúmum hætti. Þannig eru t.d. allnokkur dæmi um að einstakir þættir mála hljóti prófun áður en endanleg ákvörðun Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir.

Myndin hér til hliðar sýnir samantekt á niðurstöðum áfrýjunarnefndar og dómstóla frá stofnun Samkeppniseftirlitsins á árinu 2005. Nánar tiltekið sýnir hún lyktir máls í samanburði við upphaflega ákvörðun eða úrlausn Samkeppniseftirlitsins. Er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins staðfest að hluta eða öllu leyti 79 – 84 % tilvika, en felld úr gildi eða hafnað í 15 – 23% tilvika (Landsréttur undanskilinn).



Rétt er einnig að halda því til haga að úrslausnum eftirlitsins er sköpuð umgjörð sem byggir bæði á og er hluti af EES-samningnum. Á þetta bæði við um málsmeðferð og efnisúrlausnir. Þannig fylgist Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) með því að beiting Samkeppniseftirlitsins, áfrýjunarnefndar og dómstóla á samkeppnisreglum EES-samningsins sé í samræmi við framkvæmd annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Úrlausnir EFTA-dómstólsins í Lúxemborg veita sömuleiðis aðhald að þessu leyti.

Þessi umgjörð tryggir aðilum samkeppnismála að mörgu leyti ríkari vernd heldur en gengur og gerist við úrlausnir stjórnvalda hér á landi.



A photograph of a beach covered in large, clear blue icebergs under a dramatic, cloudy sky. The icebergs are scattered across the dark sand, with some partially submerged in the shallow water. The sky is filled with heavy, grey clouds, and the overall color palette is dominated by blues and greys.

9. Yfirlit yfir stjórnvaldssektir frá upphafi

Brot á samkeppnislögum eða ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins geta varðað stjórnvaldssektum.

Í gegnum hlekkinn á myndinni hér til hliðar má finna yfirlit yfir allar stjórnvaldssektir samkeppnisyfirvalda frá setningu samkeppnislaga, uppfært til ársloka 2021. Yfirlitið geymir upplýsingar um hvaða fyrirtæki voru sektuð, númer ákvörðunar, fyrir hvaða brot var sektað, hver var fjárhæð sektar, hvort sektin grundvallaðist á sátt við aðila eða ekki, og hver urðu afdrif sektar ef á hana hefur reynt fyrir áfrýjunarnefnd eða dómstólum.



[Yfirlit yfir stjórnvaldssektir frá upphafi](#)

Samandregið er heildarfjárhæð stjórnvaldssekta sem greiddar hafa verið í ríkissjóð sem hér segir:

Sektir (m.v. síðustu endurskoðun)	Verðlag hvers árs	Staðvirt*
Sektir frá gildistöku laga 1993 (fyrsta sekt 2001)	10.425.600.000	13.330.454.149
Sektir í tíð Samkeppniseftirlitsins (frá 2005)	8.787.200.000	11.029.439.586

*September 2021

10. Samkeppnishæfni og
staða samkeppnislöggjafar



Heimildir samanborið við nágrannalönd

Einn mælikvarði á samkeppnishæfni Íslands er hvort samkeppnislöggjöf sé eins og best gerist í nágrannalöndum. Samkeppnislög hér á landi eru að flestu leyti sniðin eftir samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu. Á það t.d. við um bann við ólögmætu samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu og eftirlit með samrunum. Þá býr Samkeppniseftirlitið yfir svipuðum heimildum og Bretland og fleiri ríki til að bregðast við samkeppnishindrunum, öðrum en brotum á samkeppnislögum. Framkvæmdastjórn ESB og ýmis ríki heims eru einnig að huga að slíkum heimildum, ekki síst í tengslum við eftirlit með stafrænum fyrirtækjum.



Að tilteknu leyti stendur samkeppnisrétturinn hér á landi og framkvæmd hans að baki samkeppnisreglum í ríkjum Evrópusambandsins. Nefna má að íslensk stjórnvöld hafa ekki innleitt hér á landi eftirfarandi tilskipanir:

- a) Skaðabótatilskipunin, [Directive 2014/104/EU on Antitrust Damages Actions](#), en tilskipunin miðar að því að auðvelda fyrirtækjum og neytendum að sækja bætur til fyrirtækja sem brjóta samkeppnisreglur. Meðal annars auðveldar tilskipunin gagnaöflun og sönnun brota.
- b) Tilskipun um styrkingu samkeppniseftirlita, [Directive 2019/1/EU to empower the competition authorities of member states to be more effective enforcers](#). Tilskipunin, oft nefnd ECN+, hefur það að meginmarkmiði að styrkja samkeppniseftirlit Evrópusambandsríkja. Þar eru settar lágmarkskröfur um hvaða heimildir samkeppniseftirlit hafi yfir að ráða og stuðlað að samræmingu viðurlaga í einstökum ríkjum, bæði hvað varðar umgjörð og fjárhæð sekta. Einnig er kveðið á um samræmingu reglna um lækkun eða niðurfellingu sekta þegar fyrirtæki stíga fram og upplýsa um brot og eða aðstoða við rannsókn.

Eitt af því sem síðarnefnda tilskipunin gerir að lágmarkskröfu er að samkeppniseftirlit hafi heimild til að sækja gögn þangað sem þeirra er


að leita, þ.á m. á heimili stjórnenda. Fá eða engin dæmi eru um að samkeppnisyfirvöld skorti slíka heimild. Aukin fjarvinna á vettvangi fyrirtækja gerir heimild af þessu tagi enn brýnni.

Í umræddri tilskipun er einnig fjallað um mikilvægi þess að tryggja fullnægjandi varnaðaráhrif af íhlutun samkeppnisfirvalda, ekki síst af stjórnvaldssektum vegna brota á samkeppnislögum. Þá er kveðið á um að samkeppnisyfirvöld skuli búa yfir fullnægjandi fjárhagslegu svigrúmi, starfsfólki og búnaði til þess að sinna verkefnum sínum.

Að því er varðar eftirlit með samrunum eru reglur hér á landi sambærilegar því sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Þó hefur Samkeppniseftirlitið ekki heimild til að stöðva tímafresti (e. stop the clock) við tilteknar aðstæður, líkt og mörg ríki.

Á vettvangi Samkeppniseftirlitsins hafa [reglur um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum](#) nýlega verið endurskoðaðar. Í lok árs 2020 gaf eftirlitið einnig út leiðbeiningar um beitingu [undanþágureglna samkeppnislaga](#).

Á árinu 2022 er áformað að endurskoða almennar reglur um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, þar sem dreginn verður lærdómur af reynslu síðustu ára. Þá verða reglur um niðurfellingu sekta í samrunamálum færðar til samræmis við þá þróun sem átt hefur sér stað á evrópska efnahagssvæðinu.



11. Erlent samstarf



Öflugt alþjóðlegt samstarf – allra hagr

Samkeppniseftirlitið hefur þétt samstarf við erlend samkeppniseftirlit og nýtir það samstarf til að efla eftirlitið hér heima og stuðla að því að það sé sambærilegt því sem best gerist.

Eftirlitið er einkum þátttakandi í eftirfarandi samstarfi:



Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)




Samkeppniseftirlitið er í nánum samskiptum við ESA og tilkynnir þangað nýjar rannsóknir og drög að ákvörðunum þegar viðkomandi mál hafa þýðingu á evrópska efnahagssvæðinu.

European Competition Network



Samkeppniseftirlitið tekur þátt í samstarfi evrópskra samkeppniseftirlita undir forystu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Þannig situr eftirlitið í vinnuhópum á vettvangi samstarfsins og reglulegum forstjórafundum. Samstarfið veitir aðgang að sérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar og annarra eftirlita.



Norrænt samstarf



Í gildi er nýlegur samstarfssamningur norrænu samkeppniseftirlitanna sem kveður á um gagnkvæma aðstoð og þátttöku í rannsóknum. Forstjórar norrænu samkeppniseftirlitanna vinna náið saman í erlendu samstarfi og hittast tvisvar á ári á norrænum vettvangi. Einu sinni á ári halda eftirlitin stærri vinnufundi þar sem brýn málefni eru tekin fyrir með þátttöku sérfræðinga. Einnig starfa nokkrir fastir vinnuhópar. Norrænu eftirlitin ráðast reglulega í markaðsathuganir eða önnur sameiginleg verkefni og skrifa sameiginlegar skýrslur um það sem efst er á baugi, sbr. t.d. nýlega yfirlýsingu um [áskoranir í eftirliti á stafrænum mörkuðum](#).

Samkeppnisnefnd og samkeppnisdeild OECD



Samkeppniseftirlitið er aðili að samkeppnisnefnd OECD og tekur þátt í starfi hennar. OECD er upplýsingabrunnur og stefnumótunaraðili á þessu sviði.

International Competition Network (ICN)



Samkeppniseftirlitið er aðili að ICN, en á þeim vettvangi eru t.d. mótuð lágmarksviðmið í samkeppniseftirliti. Nefna má í því sambandi að Samkeppniseftirlitið er aðili að svokölluðum [CAP – viðmiðum](#) (Framework of Competition Agency Procedures).



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, á ráðstefnu danska samkeppniseftirlitsins í Kaupmannahöfn í nóvember 2021



Sigrún Eyjólfsdóttir, lögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu, flytur erindi á norrænum vinnufundi í Helsingør í Danmörku



Guðmundur Haukur Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Samkeppniseftirlitinu, tekur þátt í stafrænum pallborðsumræðum á ársþingi ICN í Búdapest í Ungverjalandi

12. Samstarf við lykilstofnanir



Aukið samstarf við stofnanir

Samkeppniseftirlitið hefur um langt skeið lagt sig eftir því að styrkja samstarf við aðrar stofnanir sem hafa með einhverjum hætti eftirlit með atvinnulífinu. Nefna má að á grundvelli samkeppnislaga hefur eftirlitið náði samstarf við Héraðssaksóknara við rannsókn brota þar sem reynir á refsíabyrgð einstaklinga í samkeppnismálum. Hafa stofnanirnar leitast við að þróa samstarf sín á milli og við aðrar efnahagsbrotastofnanir þar sem unnt er að samnýta reynslu og tæki við rannsókn mála.

Á árinu 2019 lagði Samkeppniseftirlitið til við sex stofnanir að samstarf þeirra yrði aukið og gert skipulegra, m.a. með aukna skilvirkni að leiðarljósi. Þessar stofnanir voru: Póst og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa), fjölmiðlanefnd, Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið (nú sameinað Seðlabankanum), Orkustofnun og Neytendastofa.

Umræddar stofnanir tóku vel í þetta og endurnýjuðu m.a. sameiginlegar reglur um meðferð fjarskipta- og póstmála. Eftir stofnun Fjarskiptastofu og flutning póstmála til Byggðastofnunar hafa nýjar reglur um meðferð þessara mála og samskipti stofnananna verið mótaðar. Á næstu misserum er gert ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands og Samkeppniseftirlitið geri með sér samstarfssamning.



13. Ársreikningur



Ársreikningur fyrir 2021

Samkeppniseftirlitið er A-hluta stofnun og starfar á grundvelli fjárveitinga úr ríkissjóði, auk þess sem til þess renna svokölluð samrunagjöld, sem greidd eru við tilkynningu samruna.

Ársreikningur vegna ársins 2021 verður aðgengilegur hér þegar hann hefur verið staðfestur.

